

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 10. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjaldeyrismál, 537. mál.

Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 24. febrúar sl. þar sem óskað var umsagnar Nasdaq Iceland (Kauphöllin) um frumvarp til laga um gjaldeyrismál. Kauphöllin vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Kauphöllin er sammála athugasemd Samtaka atvinnulífsins (SA) við drög að frumvarpinu að eðlilegt sé að heimild til beitingar hinnar sérstöku bindiskyldu (fjárstreymistækisins) skv. 4. gr. frumvarpsins verði háð samþykki fjármálastöðugleikanefndar og ráðherra en ekki aðeins ráðherra, enda sé um þjóðhagsvarúðartæki að ræða. Ekki var tekið tillit til þessarar athugasemdar SA og í greinargerð með frumvarpinu er það rökstutt með því að það séu „skiptar skoðanir um það hvort beiting fjárstreymistækisins eigi meira skylt við verkefni peningastefnufndar Seðlabanka Íslands eða fjármálastöðugleikanefndar“. Kauphöllin telur að þeir séu í minnihluta sem telji fjárstreymistækið eiga meira skylt við peningastefnuna en verkefni á sviði fjármálastöðugleika. Í því geta í reynd falist nánast fullkomin höft á innflæði í skuldabréf og innstæður í íslenskum krónum. Slík innstreymishöft eru það harkaleg inngríp á fjármálamarkaði og mögulega skaðleg til langs tíma að þeim ætti einungis að beita í neyð og álitur Kauphöllin að það ætti að áréttast í frumvarpinu. Vissulega hafa slík höft áhrif á framkvæmd peningastefnunnar en það gera líka algild gjaldeyrishöft án þess að eðlilegt geti talist að telja þau til tækja peningastefnufndar.

7. gr. frumvarpsins veitir Seðlabankanum, með samþykki ráðherra, heimild til víðtækra gjaldeyrishafta. Kauphöllin hefur skilning á slíkri heimild til að bregðast við neyðaraðstæðum. Hins vegar er jafn nauðsynlegt að tryggt sé að heimildinni sé ekki beitt nema það sé óumdeilt að um neyðaraðstæður sé að ræða sem ekki verður ráðið við með öðrum hætti, enda er skaðsemi slíkra hafta að öðrum kosti mikil. Kauphöllin telur rétt að ekki sé látið nægja að fjalla um slíka takmörkun á beitingu heimildarinnar í greinargerð með frumvarpinu heldur ætti hún að koma fram í inngangi 7. greinarinnar sjálfrar og það áréttast að sú takmörkun eigi við um hverja og eina þeirra aðgerða sem þar eru taldar upp. Þá telur Kauphöllin koma til álita að greina á milli heimilda til að hefta langtíma- og skammtímafjármagnshreyfingar, t.a.m. með því að krefjast einnig samþykktar fjármálastöðugleikanefndar fyrir höftum á langtímafjármagnshreyfingar.

Kauphöllin fagnar því að í 10. gr. frumvarpsins hafi tilkynningaskylda gjaldeyrisviðskipta vegna nýfjárfestinga verið færð af fjárfestum yfir á milligönguaðila og telur að það muni liðka fyrir aðkomu erlendra fjárfesta í innlendar fjárfestingar. Í 1. mgr. 10. gr. kemur fram að tilkynna beri um öll gjaldeyrisviðskipti til Seðlabankans og á því formi sem Seðlabankinn ákveður. Í 8. mgr. sömu greinar er Seðlabankanum svo gefin heimild til setningar reglna um framkvæmd þessarar greinar. Kauphöllin gerir ekki athugasemd við tilkynningaskyldu gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga til Seðlabankans. Hins vegar þætti Kauphöllinni rétt að í greininni kæmi fram (eða í lágmarki í greinargerð með frumvarpinu) að með „öllum gjaldeyrisviðskiptum“ væri ekki endilega átt við tilkynningar einstakra gjaldeyrisviðskipta heldur væri Seðlabankanum heimilt að „ákveða form“ sem gerði t.d. ráð fyrir að tilkynningarnar væru á samanteknu formi og næðu yfir tiltekið tímabil, t.d. viku, mánuð eða ársfjórðung og þar sem gjaldeyrisviðskiptin væru flokkuð eftir tegundum aðila að viðskiptunum fremur en niður á einstaka aðila. Slík upplýsingagjöf væri væntanlega síður íþyngjandi fyrir milligönguaðila en

upplýsingar sem ná til einstakra viðskipta og við eðlilegar aðstæður ættu slíkar upplýsingar að nægja Seðlabankanum til að gæta að fjármálastöðugleika, enda hefði Seðlabankinn ávallt það val, ef aðstæður breyttust, að gera kröfu um ítarlegri tilkynningar.

Að lokum telur Kauphöllin til bóta að fella úr gildi lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og að með því verði ekki lengur gerður greinarmunur á aflandskrónum og álandskrónum. Aflandskrónueignir eru að vísu ekki lengur verulegar en það er jákvætt táknrænt skref að afnema þennan minnisvarða gjaldeyrishaftanna.

Kauphöllin er fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús Harðarson'.

Magnús Harðarson,

forstjóri Nasdaq Iceland

